

Fundur Betadeildar þriðjudaginn 31. mars 2009

Fundarstaður: Giljaskóli á Akureyri

Dagskrá:

1. Setning fundar.
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
 3. Önnur mál
 - a. Landsambandsþing á Hallormsstað í maí.
 - b. Evrópuþing í Noregi í ágúst.
 - c. Leshringur.
 - d. Lokafundur.
 4. Sjálfsrækt. Séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir mun fjalla um hvernig við getum ræktað með okkur jákvæðni og átt jákvæð og gefandi samskipti við umhverfi okkar.
 5. Kaffi, happdrætti og notalegt spjall.
-
1. Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum, en óvanalega margar konur voru fjarverandi í þetta sinn.
 2. Fundargerð frá síðasta fundi lesin.
 3. a. Formaður ræddi væntanlegt landssambandsþing 16. – 17. maí á Hallormsstað, en nú eru komin drög að dagskrá þingsins á vefinn. Hvatti hún konur til að fjölmenna og tilkynna formanni þegar þær hefðu skráð sig, þannig að hægt sé að halda utan um hversu margar ætla að fara. Einnig kynnti hún ásamt Önnu Þóru, landssambandsforseta, lagabreytingar sem ætlunin er að leggja fyrir landsambandsþingið.
 - b. Formaður minnti einnig á Evrópuþingið í ágúst og hvatti konur jafnframt til að fjölmenna þangað. Ætlunin er að hittast í vikunni eftir páska og ganga frá flugpöntun og öðru í sambandi við ferðina og verður sendur tölvupóstur til félagskvenna til áminningar.
 - c. Búið er að ákveða dag fyrir leshringinn. Hann verður haldinn á efri hæðinni á Café Karólínu mánudaginn 20. apríl og hefst klukkan 20:00. Konur voru hvattar til að fjölmenna.
 - d. Upplýst var að komin væri dagsetning á lokafundinn sem jafnframt er aðalfundur og verður hann haldinn heima hjá Önnu Þóru föstudaginn 5. júní. Veitingar verða með sama sniði og á síðustu lokafundum, eða þannig að allar leggja í púkk og verður hægt að tilkynna sig með rétti til formanns sem mun sjá um að birta þær upplýsingar á vefsíðunni jafnóðum.
 6. Sjálfsrækt var næst á dagskrá. Séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir heimsótti okkur og fjallaði um hvernig við getum ræktað með okkur jákvæðni og átt jákvæð og gefandi samskipti við umhverfi okkar. M.a. setti hún fundarkonur í stuttan leik, þar sem þær áttu að skrifa eitthvað jákvætt hver um aðra á blað og fékk síðan hver kona að eiga sitt blað með öllum jákvæðu setningunum. Var gerður góður rómur að innleggi Sólveigar Höllu.
 4. Að lokum fengu konur sér kaffi og kræsingar sem þær frænkur Erna Gunnarsdóttir, Sigrún Magnúsdóttir og Þórunn Bergsdóttir sáu um. Verður að láta þess getið að þær völdu sér sérstakt þema í kaffiveitingunum, sem var „kaffiboð í anda formæðra okkar“. Í tilefni af því komu þær með gamlar handskrifaðar uppskriftabækur sem þær eiga frá foreldrum sínum og sýndu okkur. Var gaman að skoða þessar gömlu uppskriftir og könnuðust margar konur við að eiga svipaðar gersemar í fórum sínum frá gamalli tíð.

5. Undir borðum stakk Ragnheiður Stefánsdóttir upp á því, fyrst við værum svona fáar, að við skyldum hver og ein segja örfáar setningar frá eigin brjósti um eitthvað sem við vildum deila með hver annarri. Er ekki að orðlengja það að sá bolti var látinn ganga hringinn og sögðu Betasystur frá ýmsum hlutum sem þær vildu deila með okkur hinum. Ýmist voru þetta stuttar gleðisögur úr eigin lífi, eftirminnilegar upplifanir úr starfi eða skemmtilegir brandarar sem kætt höfðu lundina. Höfðum við allar gaman af þessu óundirbúna atriði. Happraættisvinninginn að þessu sinni fékk Erna Gunnarsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ritari

Eygló Björnsdóttir